

SKIPTINGARÁÆTLUN

Stjórn Jarðborana hf., kt. 590286-1419, hefur í dag gert svohljóðandi áætlun um skiptingu félagsins.

1. gr.

Stjórn félagsins er sammála um að leggja fyrir hluthafafund tillögu um skiptingu þess í þrjú félög, á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög þannig að stofnuð verði tvö ný félög, EHB ehf. (eða annað nafn sem ákveðið verður síðar), og Volcano Finance ehf. (eða annað nafn sem ákveðið verður síðar), sem yfirtaka tiltekna eignir og skuldbindingar Jarðboranna hf.

Skiptingin miðast við 1. október 2006 þannig að sá dagur verður fyrsti dagur félaganna eftir skiptingu. Skiptingin er grundvölluð á árshlutareikningi félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2006, þ.e. efnahagsreikningi félagsins þann 30. september 2006.

2. gr.

Við skiptingu fá hluthafar í Jarðborunum hf. eingöngu hluti í hinum nýju félögum í skiptum fyrir hlutabréf sín, sbr. neðangreint.

Í EHB ehf. fá hluthafarnir hlutafé að fjárhæð kr. 389.697.335.

Í Volcano Finance ehf. fá hluthafarnir hlutafé að fjárhæð kr. 500.000.

Hlutafé í Jarðborunum er kr. 400.000.000 en verður kr. 4.000.000.

Hlutfallsleg skipting hlutafjár í hinum nýju félögum verður sú sama og í Jarðborunum hf.

3. gr.

Við skiptinguna er gert ráð fyrir að eignir og skuldir skiptist milli félaganna þriggja á eftirfarandi máta:

Jarðborunum hf munu tilheyra þær eignir sem tengjast borstarfsemi félagsins ásamt skuldum þeim tilheyrandi auk skuldar við Volcano Finance ehf. sem tekur við skuldbindingum vegna skuldabréfa sem félagið hefur gefið út og skráð eru í Kauphöll Íslands.

EHB ehf. mun taka við eignarhlutum félagsins í Björgun ehf., ásamt kröfu á Jarðboranir hf. Að auki mun EHB ehf. eiga hluti í sjálfu sér að fjárhæð kr. 5.802.665

Volcano Finance ehf. mun taka við skuldbindingum vegna skuldabréfa sem Jarðboranir hf. hafa gefið út og skráð eru í Kauphöll Íslands. Nánar tiltekið er um að ræða skuldabréf sem skráð eru undir auðkenninum JRDB 03 1, JRDB 04 1 og JRDB 05 1. Á móti mun félagið eiga kröfu á Jarðboranir hf. sem jafngildir fjárhæð skuldabréfanna á hverjum tíma. Um leið

liggur fyrir að Volcano Holding ehf., kt. 411106-0980, hefur tryggt endurfjármögnun fyrir Jarðboranir hf. og fjármagn sem notað verður til að gera upp skuld félagsins við Volcano Finance ehf. Einnig liggur fyrir ákvörðun stjórnar Atorku Group hf. að yfirtaka síðar Volcano Finance ehf. með samruna.

Nánar vísast til efnahagsreiknings þess sem fylgja mun greinargerð stjórnar félagsins þar sem skiptingaráætlunin er nánar skýrð og rökstudd.

4. gr.

Mat á eignum og skuldum Jarðborana hf. er byggt á árshlutareikningi félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2006. Félögin taka við öllum tekjum og greiða öll gjöld vegna rekstrar þeirra eigna sem hvert félag tekur við frá skiptingardegi.

5. gr.

Þeir hlutir sem hluthafar í Jarðborunum hf. fá í EHB ehf. og Volcano Finance ehf. sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í Jarðborunum hf. skulu veita rétt til arðs frá þeim degi sem skiptingin miðast við.

6. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og matsmenn sbr. 122. gr. laga nr. 2/1995, sbr. 133. gr. laga um hlutafélög, eftirlitsmenn félaganna, hluthafar eða hluthafahópar, njóta engra sérstakra réttinda í félögunum.

7. gr.

Til staðfestingar á skiptingaráætlun þessari undirritar stjórn Jarðborana hf. hana með fyrirvara um tilskilið samþykki hluthafafundar.

Reykjavík, 27. nóvember 2006

Stjórn Jarðborana hf.